

[Úr handritinu Lbs 43 4to]

*Greftrunarminning edur líkpredikun
þeirrar ærugöfugu sannguðhræddu
og margdyggðaaudugu höfðings kvennu
sálugu Helgu Halldórsdóttur sællrar
og loflegar minningar hvör sætlega*

*í drottni hvíldist á LXXXV ári
síns aldurs, hjónabandsins LVI.
Anno 1704 dag 31. maí
en til síns hvíldarstaðar lögð í
Selárdalskirkju þann 2. dag júní.*

[Eftir sr. Pál Björnsson]

Lífshistorían

Þessi ærugöfuga, sannguðhrædda og margdyggðumprýdda höfðingskvinna sáluga Helga Halldórsdóttir blessaðrar minningar var getin af stórtignarlegum og guðelskandi foreldrum, hennar faðir var sá ypparlegi og hávísi höfðingi sálugi herra Halldór Ólafsson lögmaður norðan og vestan á Íslandi, hennar móðir var margdyggðaaudug höfðingskvinna sálug Halldóra Jónsdóttir dóttir Jóns Björnssonar Jónssonar biskups á Hólum, hún hefur fæðst til þessa líkamlega ljóss á Grund í Eyjafirði á árum eftir frels-arans fæðing 1620 og hefur uppalist í guðrækilegum menntum og sóma í 20 ár fyrir hennar blessuðu foreldra heilsusamlegar áminningar og kenningar bæði til munns og handa er á hennar kvenprýði ljómuðu í daglegri lastvarlegustu umgengni. Þar eftir var hún eitt ár á Skriðu í Hörgárdal, síðan sex ár í Skálholti hjá sinni dyggðumprýddri systur ærugöfugri sálugu Margréti Halldórsdóttur, og svo þar eftir fyrir guðlega forsjón til heilags hjónabands samangefin við ærugöfugan og

hálerðan drottins kennimann sr. Pál Björnsson að Selárdal virðuglegan og ágætan prófast í Barðastrandarsýslu þann 10. sunnudag eftir Trinitatis. Síðan með honum í þeirri heilögu stétt lifað í 56 ár hvar inni að drottinn begáfaði þaug með 8 börnum, af hvörjum fjögur eru með henni til eilífrar sælu komin, en önnur fjögur eru enn nú með heidur og sóma á lífi. En um dagfar og umgengni þessa blessaða guðs barns er það með fæstum orðum að segja að hún var gimsteinn margra efturbreytanlegra og minnisstæðustu kvenkosta, sér í lagi guðhræðslu, lítillætis, hæversku og menntaríkrar kvenprýðis ráðvendni, á sínu nafnfræga heimili. Kóróna á síns húsbóndahöfði, svo hjarta hennar blessaða ektamanns mátti henni trúa. Svo hún mátti í alla staði reiknast í tölu þeirra kvenna um hvörjar sá menntafróði Salómon talar að ein góð kvinna sé mikið betri dýrlegum gimsteinum, því hún vill öllum stundum snúa þrieynum guði til dýrðar sér og sínum blessuðum ektamanni til virðingar heidurs

og sóma, en öðrum úti frá nálægum sem fjærverandi til góðs eftirdæmis, uppfellandi þar með síns elskulegasta endurlausnara befalling, látið svo yðar ljós lýsa fyrir mönnum að þeir sjái yðar góðverk og dýrki yðar föður á himnum. Hér að auki mun sjálfur herrann Kristur best hrósa og á lofti halda hennar ölmusugjörðum og góðverkum bæði á síðasta degi í sinni dýrðarfullri hingað-komu og síðar meir í eilífðinni er hún téði og auðsýndi á hans voluðum limum hér í heimi, því guð geymir og mannsins vel-gjörðir sem annan signets hring, og góðgjörðina sem einn augastein eftir Syrachs orðum, svosem heilagur guðs engill vitnar fyrir Cornelio að hans ölmusugjörðir væru upp stignar til minnis fyrir guð því það mátti segjast að væri hennar eftirlæti hér í heimi að brjóta þeim volaða sitt brauð og leiða hinn fátæka í sitt hús, líka einnig þá nöktu að klæða og þess vegna endurlblómgaðist hennar ljós sem morgunroði, og hennar vegsemd forbetraðist snarlega, og því tók dýrð drottins hana til sín, svo sem fann hann æ jafnan sem náðugan guð og föður, og af því hennar hönd útbreiddi sig iðulega til ölmusuverkanna, þar fyrir hjálpaði hönd drottins henni á sóttarsænginni, styrkjandi hennar lúnar hendur svo þær þreyttust ekki líka sem Móses í bænanna upphafn-ing til guðs um kvöld, morgna og miðdegi á móti þeim grimma mótstandara djöflinum og hans eldlegum skeytum. Þar hún réttilega í sankti Páls orðastað umkvarta mátti að andskotans engill slægi hana með knefunum, á móti hvörs árásum hún ei einasta þrisvar, heldur óaflátanlega það að hann frá henni víki, því begáfaði drottinn

hæðanna hana með heilagri þolinmæði á sérhvörjum upprennandi morgni, því hans nýja og fyrnska miskunnsemi endurnýjaði hennar sálu sem annan örn svo hún þreyttist ekki á þeirri háskafullustu orustu móti Satani eldflugum, til hvörra hún oft og ósjaldan fann sem allra fyrst móti hennar öndu báludust anno 1660 og þótt þær þess í milli svo sem kulnuðu eður útslokknuðu þegar þeir ómildu er hana kvöldu fengu og útstóðu sín makleg laun, allt og áður ýfðust þær endur og endur, svo hennar blessaða sál volkaðist í þessum andbárum og mátti hún því maklega andvarpa með þeim heilaga Davíð: Drottinn þeir vatnsstraumarnir forhefja sig, þeir vatnsstraumarnir forhefja sinn níð, þeir vatnsstraumarnir forhefja bylgjurnar. Já hörmunganna vatn mátti segjast gengi inn að hennar sálu, en sá nauðsynlegasti og ómissandi *gimsteinn umburðarlyndisins* skín svo fagurlega á hennar sálu og var svo fast í hennar blessaða hjarta inngriptur, að hann orkaði þeirrar vonar er ei varð til skammar eftir sem guð himnanna sem er sterkur og voldugur í stríði tilbjó hana á móti Satan og helvítis hliðgrindum með því andlega hervæpni, *hjálmi hjálpræðisins, sverði andans, skildi trúarinnar, brynju réttlætisins, belti eður lífgjörli sannleikans og friðarins skóbótum* svo sem uppgötvandi þá réttu trúarstöð, víkjandi ei þaðan í frá hvorki til hægri né vinstri handar, stríddi stöðulega undir sigurmerkjum síns sálarbrúðguma Jesú Kristí, verandi svo undir hans blessuðum blóðormum gróðursett hér í tímanum og nú í eilífðinni, segjandi með Davíð: Guð er vor styrkur og athvarf, einn hjálpari úti þeim miklu ánauðum sem yfir oss hafa

komið. Þar fyrir óttustum vér ekki þó að veröldin steypist og fjöllin sökkvi niður í hafið og sjórinn geisaði og rótaðist um, komið hingað og sjáid verkin drottins, hann er bardögnum aprtar í allri veröldinni, drottinn allsherjar er meður oss, guð Jakobs er vor verndari, undir hvors náðarvernd hún vann hreystiverkin á móti Satan, svo drottinn dýrðarinnar frelsaði hana frá snörum veidimannsins, hvörjar sundur eru brostnar en hennar sál þaðan burt sloppin, og þó heimsins börn veldu henni hrinda að hún falla skyldi, samt sem áður studdi guð almáttugur hana, því hann reisir upp þá alla sem niður eru slegnir þar hans guðdómlega alvíska höndlaði þá klóku í sínum klókindum og umbylti ráðum óguðlegra, því hans ráð um eilífð stöðug stór og stjórnin klár, en slægðin dramblátra slétt forgár. Og þótt drottinn guð legði hana framar mörgum undir krossburðarins pressu allt og áður bauð hún bæði brjóst og hendur, já sál og líkama undir hirting drottins, segjandi í spámansins orðastað: Ég vil bera hirting drottins því ég hefi syndgast á móti honum þar til hann dæmir mína sök og skikkar mér rétt, hann skal leiða mig til ljóssins, sorg sjái mína lýst í hans náð. Heyrðu kristin sála svo sagði sá blessaði Lutherus lærifaðir *qui non est crucianus non est christianus*, því kristsbörn eru krossbörn, eftir sem það að drottinn metur mér að búa sem börn til þess eilífa lífsins ala þaug í heimsins sælgæti, því vitnar heilagur Pétur: dómurinn byrjast á guðs húsi, og ef fyrst á oss hvörminn þá endalok þeirra verða sem ekki trúa guðs *evangelio*. Item sankti Páll hvort það barn sem faðirinn elskar það agar hann og hvörn þann son sem hann að

sér tekur þann umvandar hann en ef vér þjáninguna líðum þá frambýður drottinn sig oss líka sem börnum en öllum þykir þjáningin engin gleði heldur hryggð vera nær að hún álggurr en þar á eftir gefur hún heilsu-samlegan ávöxt fagnaðarins þeim sem þar inni eru reyndir. Einninn segir sankti Jacob: Bræður mínir reiknið það fyrir allan fögnuð nær þér í margvíslegar freistanir í hrasid, og vitið það yðar trú ef hún er rétt þá verkar hún þolinmæði, en þolinmæðin mun stöðug blífa allt til enda svo að þér séuð fullkomnir og algjörðir og í öngvu brest hafið. Nú þó heimurinn og holdlega sinnaðir haldi kross og mótlæti fyrir ólán þá gæta samt guðs börn að sankti Páls orðum: Nær vér dæmumst þá verðum af drottni tyfftaðir, uppá það vér fyrir-dæmunst eigi með þessum heimi, því mínir vegir eru ekki sem mannanna vegir segir drottinn. Þessi blessaða kvinna hafði hugfest postulans orð, allir þeir sem guðrækilega vilja lífa í Jesú Kristó þeir hljóta kross og mótlætningar með honum að líða, því að áður en maðurinn kemur til heiðursins, þá verður hann að líða, en hvör er æðri heiður en Kristí ok um lengd lífdaganna hér í heimi að draga, því lausnara að líkjast þínum þú kristinn maður lof er þér allra mest, því það mátti réttilega yfir þessarar blessuðu kvinnu hvíldarstað syngjast: Ok Krists um sína æfi dró etc. Þar sem ekkert stríð er þar er enginn sigurveining, þar sem enginn sigurveining er þar er engin kóróna, og þótt nokkur berjist verður hann ekki jafnframt kórónaður utan hann berjist réttilega, þetta er sannarlega satt, ef vér deyjum með þá muni vér með lífa segir sankti Páll. Svo hefur nú þessi hér kæra Jesú Kristí systir,

fyrir sigursæla orustu meðtekið á himnum kórónu réttlætisins, kórónu miskunnseminnar og kórónu lífsins, því þá líklegt ból gekk sem hæst var bótin af guði henni næst, því að hans föðurlega hjarta er einskis freistar yfir megn fram stytta hennar armæðu stundir hér í heimi á 85. hennar aldurs ári uppfyllandi við hana sína guddómlegu náðarlofun fyrir Jobs munn: þú munt á eili æfningar koma til grafarinnar líka sem hveitikornsbindin innflyst á sínum tíma, já hans óumræðilega hjartagæska tók hana úr þessa heims eyndum og mótlætningum (nær hans var velþóknarin, en hennar einnar bráðust þörfin) inn í sitt himneska dýrðar ríki, endandi við hana það huggunríka fyrirheit er svohljóðar fyrir Davíðs munn: af því að hann gírnist mig þá vil ég frelsa hann, hann þekkir mitt nafn og ég vil verða hann, hann kallar til mín og ég vil bænheyra hann. Ég er með honum í neyðinni, ég vil honum þaðan útrykkja og hann vegsamlegan gjöra ég vil seðja hann með langgæddum lífdögum og auðsýna honum mitt hjálpræði, hún er nú komin úr miklum harmkvælingum og hefur þvegið sinn sálarmöttul í blóði lambsins. Og eftir sem það að guð almáttugur tók hana héðan úr heimi á því öðru laugardagskvöldi fyrir þann annan sunnudag eftir Trinitatis, og á þeim hún af síðasta maí mánaðardegi 1704 þá hefur allri heilgari guddómsins þrenningu og hennar himnesku englum innbodin verið til þeirrar miklu og kræsilegu kvöld-máltíðar á himnum sem tilreidd er af feiti merg og dreggjjarlausu víni. Við hvörja hún situr til borðs með Abraham, Ísak og Jacob um eilíf ár og

óendanlegar aldir, hvar hana mun hér eftir hvorki hungra né þyrsta syngjandi í þeirra og allra guðs útvaldra tölu þennan gleði og fagnaðar-dikt á sína hjartans hörpu frammi fyrir stóli lambsins, sem sólin skært skínandi. Nú er heilsa og kraptur, ríki og máttur vors guðs varðinn hans Krists. Því hann er útsnaraður er þess ásakaða dag og nótt fyrir guði og þeir hafa hann yfir unnið fyrir lambsins blóð og fyrir orðið þeirra vitnisburðar og þessir hafa ekki elskað sitt líf allt til dauðans þar fyrir gleðjast þér himnar og þér sem þar inni byggid. Og skeði hennar jarðarför með með heiður og virðingu sem verðugt var, á þeim öðrum júní mánaðar degi, eftir hennar ærugöfuga ektamanns blessaðra nærver-andi barna og náunga fyrirsögn. Hvörjum hennar áður nefndum eptir-látnum ærugöfugum ektamanni og æruverðugum ástmönnum og náungum sá himneski huggari heilagur andi virðist fyrir sína náð að hugsvala þessa litla sorgarstund með þolinmæði af að þreyja, þar til drottinn þaug öll með eilífrar dýrðar gleðilegum samfundi og óendan-legum fögnuði aptur samtengir. Og endast hér svo þessarar vorrar ærugöfugu sannguðhræddu og margdygðumprýddu systur sálugu Helgu Halldórsdóttur blessaðrar minningar lífshistoría stuttlega yfirfarin með postulans heilags Jóhannis orðum:

Andinn og brúðurin segir, kom, já ég kem snarlega amen, já, kom þú drottinn Jesú, náð vors drottins Jesú Kristí sé með yður öllum. Amen.